

STARFSÁÆTLUN ÍTR

2005

FYRIR ÞIG Í ÞÍNUM FRÍTÍMA

DRÖG FYRIR FUND BORGARRÁÐS 14. OKTÓBER

Inngangur

Stefnumótun ÍTR

Mótun stefnu um heildstæða frítímaþjónustu í borginni hefur verið eitt af stóru verkefnum hjá ÍTR undanfarið ár. Skipaðir voru stefnumótunarhópar starfsmanna sem unnu að greiningu á tilteknum þáttum í starfsemi ÍTR, settu fram meginmarkmið og leiðir. Einnig var leitað til sérfræðinga og samstarfsaðila utan stofnunarinnar. Haldin voru málþing og samráðsfundir og áhersla lögð á að ólík sjónarmið kæmu fram og væru rædd. Framsetning skýrrar stefnu þar sem hlutverk og tilgangur frítímaþjónustunnar er sett í brennidepil er ekki síst mikilvægt í ljósi fyrirhugaðra breytinga á þjónustu borgarinnar í hverfum til að mæta auknum kröfum um bætta og skilvirka þjónustu og samstarf fagaðila. ÍTR er umhugað um að stefnumótunin endurspegli þetta en á sama tíma sé tryggt að þróun fagumhverfis frítímaþjónustunnar gjaldi ekki fyrir breytingarnar og sá mannauður sem verið hefur kjarninn í starfsemi stofnunarinnar sé varðveittur.

Staða ÍTR

Ímynd ÍTR og staða þess innan borgarsamfélagsins er mjög sterk. Sama má segja um þá menningu sem ríkir inna ÍTR sem vinnustaðar. Þjónusta ÍTR er fyrst og fremst almenningsþjónusta. Fólk sækir í þjónustu ÍTR af eigin hvötum, en jafnframt er fjölmargt í starfseminni sem er sértækt og snertifletir verða við aðra starfsemi. Forvarnir af ýmsu tagi, samstarf við lykilstofnanir og félög í nærumhverfinu eru í því tilliti afar mikilvægir þættir. ÍTR leitast við að vera lærdómsstofnun þar sem reynsla og sóknarfæri eru nýtt til hins ýtrasta.

Gildi sem ÍTR leggur áherslu á við þróun þverfaglegs starfs eru:

- Ungt fólk í brennidepli
- Yfirsýn yfir þarfir og miðlun þekkingar
- Þróun áhrifaríkra tengsla við samstarfsaðila á vettvangi
- Gagnkvæm virðing milli samstarfsaðila
- Sveigjanleiki og hæfni til að bregðast við breyttum þörfum og aðstæðum
- Nýta vel reynsluverkefni og frumkvæði starfsmanna
- Þróun gegnsærrar stjórnsýslu í nærumhverfinu og tengsla við miðlægar stoðeildir/stjórnkerfi

Félagsauðurinn

Stærsta auðlind borgarsamfélagsins er félagsauður þess, aflið sem fólgið er í því að taka á eigin forsendum þátt í uppbyggilegu félagsstarfi og viljanum til að láta gott af sér leiða. ÍTR gegnir forystuhlutverki við að skapa borgarþúum aðstæður til að efla þennan auð hvort sem það er á vettvangi almenns félagsstarfs eða innan vébanda stofnunarinnar. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á aðstöðu til íþrótt- og æskulýðsstarfs í borginni og aukinn stuðningur við félögin skilar sér í auknum iðkendafjölda og betra starfi. Mikilvægt er einnig að horfa til þess að fjölbreytilegt félagsstarf fer fram utan hins hefðbundna vettvangs. Má þar nefna svokallaðar jaðariþróttir, ýmsa menningarstarfsemi, útivist og heilsurækt á eigin vegum. ÍTR hefur leitast við að hafa yfirsýn yfir þessa þróun og með almennum og sértækum aðgerðum að bæta aðstöðu og tengjast iðkendunum. Áhyggjuefni er samt sem áður sá stóri hópur ungs fólks yfir 16 ára aldri sem hvorki er við nám eða á vinnumarkaði. Þessi hópur er lítt sýnilegur og hefðbundið félags- og tómstundastarf hentar stórum hluta hans illa.

Framsetning starfsáætlunar 2005

Starfsáætlun ÍTR er nú sett fram með líkum hætti og síðastliðið ár. Áhersla er lögð á að sýna fram á mótun stefnu og eftirfylgd hennar í helstu þáttum starfseminnar. Stefnukort ÍTR og kjörorð eru nánast óbreytt frá fyrra ári og taka mið af velgengnisþáttum í stefnukorti Reykjavíkurborgar. Ítarlegur skýringartexti um áherslur ÍTR fylgir stefnukortinu ásamt fjárhagsáætlun. Við framsetningu skorkorts verður leitast við að velja einfaldar og skýrar mælingar og þróa viðmið sem gefi sem besta heildarmynd af frítímaþjónustu í borginni.

Þrjú megin svið í starfsemi ÍTR, íþróttamál, æskulýðsmál og útivist taka mið af þessu og setja fram megináherslur sínar. Einnig er gerð grein fyrir helstu nýmælum og breytingum í starfseminni.

Stoðdeildir ÍTR fyrir megin svið og almenna starfsemi eru fjármál, fræðslumál, þróun og rannsóknir, jafnréttismál, markaðsmál, starfsmannamál, fasteignamál og upplýsingatækni. Stoðdeildirnar styðja við megin sviðin m.a. með útgáfu fræðsluáætlunar, jafnréttisáætlunar, kynningar- og ímyndarvinnu ásamt rannsóknum og könnunum. Hver starfstaður setur fram sína starfsáætlun auk skorkorts og borgarhlutarnir fjórir setja áætlun um samstarf og viðburði. Áætlanir starfstaða og borgarhluta eru kynntar á heimasíðu ÍTR. Með þessu vinnulagi er leitast við að gefa heildaryfirsýn yfir starfsemina og gefa sem flestum kost á að koma að verkinu.

Á næstu mánuðum munu án efa koma fram fjölmörg atriði sem áhrif hafa á rekstur og starfsemi ÍTR. Má þar nefna heildarendurskoðun á stefnu ÍTR sem staðið hefur allt árið 2004, tilkomu þjónustumiðstöðva og fyrirhugaðar stjórnsýslubreytingar. Við þeim verður brugðist með endurskoðun starfs- og fjárhagsáætlunarinnar eftir því sem við á.

STEFNUKORT ÍTR 2005

Áherslur ÍTR út frá heildarstefnukorti Reykjavíkurborgar

Reykjavík er alþjóðleg borg þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum borgarbúa er skipað í öndvegi

Kjörorð ÍTR:

Öflug frítímaþjónusta - Heilbrigðar tómstundir - Samvinna og samábyrgð - Fagfólk á vettvangi frítímans

Skilgreiningar á kjörorðum

Öflug frítímaþjónusta

Skapa jákvæða umgjörð fyrir borgarbúa til frístundaiðkunar og tryggja íbúum góða þjónustu sem veitt er af virðingu og metnaði. ÍTR leitast við að svara nýjum þörfum sem skapast hafa við miklar samfélagsbreytingar á síðustu áratugum. ÍTR lítur svo á að í frítímaþjónustu ríki ákveðið faglegt gildismat, þar sé farvegur menntunar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.

Heilbrigðar tómstundir

ÍTR hvetur borgarbúa til heilbrigðrar tómstundaiðkunar. Sérstaklega er leitast við að hafa áhrif á viðhorf barna og unglinga, hvetja þau til að kjósa heilbrigðan lífstíl og hafna lífstíl sem einkennist af áhættu hegðun.

Samvinna og samábyrgð


Vinna á vettvangi frítímans einkennist af öflugri samvinnu þeirra sem koma að uppeldi barna og velferð borgarbúa.

Fagfólk á vettvangi frítímans

Á vettvangi frítímans ríki starfsgleði þar sem góð þjónusta og öryggi er í fyrirrúmi undir handleiðslu fagfólks.

Stefnukort ÍTR 2005

Öflug frítímaþjónusta - Heilbrigðar tómstundir - Samvinna og samábyrgð - Fagfólk á vettvangi frítímans



Skýringar við velgengnisþætti

1. ÞJÓNUSTA

1.1 Tryggja jafnræði og jafnrétti

Þeir sem leita til ÍTR njóti jafnræðis og jafnréttis. Þeir sem njóta styrkja frá ÍTR gangi að skýrum og aðgengilegum starfsreglum. ÍTR sinnir eftirlits- og upplýsingaskyldu gagnvart þeim sem fá styrki til að starfa með börnum og unglingum á vettvangi frítímans. Þjónustan sem borgarþátttakendur sækja til starfsstaða ÍTR sé sniðin að fjölbreytilegum og ólíkum þörfum þeirra. Við skipulag starfsemi sé tekið tillit til fjölmennings- og jafnréttisstefnu ÍTR.

1.2 Nota vettvang frítímans til að stuðla að félagslegri velferð

ÍTR hvetur til samstarfs og samráðs þeirra sem koma að uppeldi og velferð fólks í hverfum borgarinnar. Unnið skal markvisst að því að efla félagsþroska barna og ungmenna og vinna gegn félagslegri einangrun hópa og einstaklinga sem eiga sér fáa málsvara í samfélaginu.

1.3 Nýta frítímamann sem farveg menntunar og menningar

ÍTR vill skapa góð skilyrði fyrir fjölbreytilegt menningar-, félags- og tómstundastarf í frítímanum. Litið er á frítímamann sem farveg menntunar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku í samfélaginu. ÍTR leitast við að svara síbreytilegum þörfum og bregðast við nýjum menningarstraumum með því að virkja slíka krafta á jákvæðan hátt.

1.4 Skapa aðstæður til að stofna til og reka ýmiss konar starfsemi

ÍTR vill skapa aðstöðu fyrir félög og hópa sem starfa í frítímanum. Í frítímanum skapast oft aðstæður þar sem reynir á margvíslega færni sem nýtist einstaklingnum og félagsheildum. Þessi færni er í grundvallaratriðum sú sama og nýtist við rekstur fyrirtækja s.s. frumkvæði, sköpunarkraftur, liðsheild, verkaskipting og fl. Við þessar aðstæður er mikilvægt að fagfólk á vettvangi frítímans geti veitt leiðsögn og stuðning og nýtt þau tækifæri sem eru til staðar.

1.5 Stuðla að öruggu og heilnæmu umhverfi

ÍTR leggur áherslu á að vera öflugur málsvari borgarþátttakenda í málum sem lúta að öryggis- og umhverfismálum og snúa að starfsemi á vettvangi frítímans. Rekstur mannvirkja og starfsemi sé ávallt til fyrirmyndar um öryggi, hollustuhætti og heilbrigðan lífstíl. Lögð er áhersla á að nýta þá einstöku möguleika sem skapast í borginni m.t.t. þjónustu sundlauga, Ylstrandarinnar, útivistar og ýmissa náttúrugæða. Sérstaklega er horft til heilsutengdrar þjónustu, heilsugæðisverkefnisins og markaðssetningar á Reykjavíkurborg sem vistvænni borg. ÍTR leggur einnig áherslu á lýðheilsu og félagslega þætti þegar horft er til þessara mála.

2. FJÁRMÁL

2.1 Tryggja góða nýtingu og stýringu fjármuna

ÍTR leggur áherslu á að úthlutun fjárheimilda í fjárhagsáætlun sé í samræmi við pólitíska stefnumörkun. Fjárhagsáætlun, starfsáætlanir, ársreikningar og ársuppgjör starfsáætlana skulu gefa skýra og aðgengilega mynd af rekstri og fjárfestingum. Mikilvægt er að sífellt sé leitað leiða til að nýta fjármuni sem best og við endurskoðun milli ára fari fram opinská og gagnrýnin umræða. Einnig er horft til þeirra möguleika sem skapast geta til hagkvæmra þjónustusamninga og samstarfs við félagasamtök og einkaaðila um uppbyggingu og rekstur starfsemi.

2.2 Stuðla að verðmætasköpun

ÍTR leggur áherslu á verklag sem stuðlar að hagkvæmri nýtingu á eignum borgarinnar og nytsamlegum fjárfestingum. Leitast verður við að auka skilning á kostnaði við fjárfestingar. Áhersla er lögð á vinnubrögð sem tryggja heildstætt mat á arðsemi og kostnaði við langtímaáætlanir, langtímafjárfestingar og langtímasamninga. ÍTR leggur einnig áherslu á þá

verðmætasköpun sem felst í öflugu forvarnastarfi og heilsurækt, félagsstarfi hverskonar og framlagi ungs fólks til menningar og lista.

2.3 Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða

ÍTR leggur áherslu á vandaða kostnaðargreiningu sem grundvöll að ákvörðunum um starfsemi. Bornir eru saman mismunandi kostir sem til álita koma við lausn viðfangsefna og lagt mat á kosti þeirra og galla. Leitað er fyrirmynda og samanburðar við samanburðarhæf verkefni innan og utan borgarkerfisins. Mikilvægt er að ákvarðanir um stefnu í málefnum sem til skoðunar eru hverju sinni og um þjónustustig fari saman við mat á kostnaði.

3. VERKLAG

3.1 Bjóða upp á góða þjónustu sem einfalt er að nálgast

Borgarbúar mæti ávallt góðu viðmóti og þjónustulund hjá starfsfólki ÍTR. Upplýsingar séu aðgengilegar, samræmdar og réttar þannig að viðskiptavinir hafi raunhæfar væntingar til þeirrar þjónustu sem boðin er.

3.2 Viðskiptavinir geti haft áhrif á starfsemina

ÍTR leggur áherslu á að almenningur eigi auðvelt með að koma með ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni hvort sem það snýr að almennri starfsemi eða stjórnsýslunni. Upplýsingar sem þannig berast séu skráðar og skýrar verklagsreglur um hvernig skuli við þeim brugðist.

3.3 Stuðla að bættu samráði og þátttöku í stefnumótun

Íþrótta- og tómstundaráð leggur áherslu á að mótuð verði stefna um heildstæða uppbyggingu frítímaþjónustu í borginni. Lögð er áhersla á samráð við hagsmunaaðila við stefnumótunina og að efla fræðilega og faglega umræðu um málefni frítímans. Í þessu tilliti horfir ÍTR til fjögurra meginþátta: notenda þjónustunnar - starfsfólks á vettvangi - stjórnmálamanna og sérfræðinga og - vísindasamfélagsins.

3.4 Tryggja aðgang borgarbúa að upplýsingum

ÍTR leggur áherslu á að upplýsingum um starfsemi, helstu verkefni og stefnumál stofnunarinnar sé markvisst komið á framfæri á aðgengilegan hátt. Einnig er bent á að á ÍTR hvílir rannsókn- og upplýsingaskylda um hagi ungs fólks í borginni. Þessi þáttur starfseminnar er mikilvægt tæki varðandi þróunarvinnu og stefnumótun borgaryfirvalda í frítímaþjónustu.

3.5 Tryggja aðgengilega og gegnsæja stjórnsýslu

ÍTR leggur áherslu á að ákvarðanir sem snerta hag almennings og starfsmanna séu vel ígrundaðar og rökstuddar. Mikilvægt er að verkferlar við lausn viðfangsefna séu vel skilgreindir og málsmeðferðarreglur skýrar. Hlutverk ÍTR sé vel skilgreint gagnvart samstarfsaðilum og leitast við að tryggja heildstæða og skilvirka málsmeðferð þar sem þjónusta stofnana skarast.

4. MANNAUÐUR

4.1 Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi og starfsánægju

ÍTR leggur áherslu á að starfsfólki líði vel í vinnunni, starfið veiti því ánægju og að starfsumhverfið sé bæði aðlaðandi og gefandi. ÍTR setur fram starfsáætlun í starfsmanna- og jafnréttismálum og fjölmenningsstefnu, sem undirstrikar þetta. Verkefnum sé réttlátlega útteilt og starfsmenn eigi þess kost að móta starfsumhverfi sitt. Verkferlar séu vel skilgreindir og öllum ljósir sem og ábyrgðarsvið starfsmanna við úrlausn verkefna.

4.2 Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi

ÍTR leggur áherslu á að starfsmönnum sé gert sem auðveldast að samræma vinnu og einkalíf. Verkefni sem starfsmenn ÍTR þurfa að takast á við í starfinu eru fjölbreytileg og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar. Markvisst samstarf, upplýsingamiðlun og teymisvinna eru því mjög mikilvægir þættir í starfinu sem auka skilning milli aðila.

4.3 Efla þekkingu, nýsköpun og frumkvæði

Lögð er áhersla á að auka hæfni og þekkingu starfsmanna þannig að þeir geti betur fylgt hraðri þróun í frítímaþjónustu. Nýjar þarfir hafa skapast við miklar samfélagsbreytingar á síðustu árum þar sem auknar kröfur eru gerðar um frítímaþjónustu fyrir borgarbúa á öllum aldri. Starfsmenn fá tækifæri til starfsþróunar með þjálfun, hvatningu, virðingu og stuðningi. Símenntunaráætlanir eru tæki til að tryggja markvissa fræðslu.

4.4 Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma

Ávallt er reynt að ná í bestu fáanlegu þekkinguna á hverjum tíma þegar verið er að ráða í störf, skipuleggja fræðslustarf eða fá ráðgjöf. ÍTR fylgist með nýjungum héraðs sem erlendis og hefur frumkvæði að samstarfi við aðra opinbera aðila, menntastofnanir og atvinnulíf.

Æskulýðsmál

Undir málaflokkinn æskulýðsmál heyra frístundamiðstöðvarnar Ársel, Frostaskjól, Gufunesbær, Miðberg, Tónabær og Hitt Húsið sem er menningar og upplýsingarmiðstöð ungs fólks.

Framtíðarsýn:

Æskulýðsstarf ÍTR er vettvangur barna og unglingastarfs í skipulögðu félags- og tómstundastarfi þar sem heilbrigður lífsstíll er hafður að leiðarljósi. Mikilvægt er að félags- og tómstundastarf fyrir börn og unglinga sé í boði árið um kring.

Leiðarljós ÍTR í æskulýðsmálum eru:

- **Þjónusta og öryggi**

Á vettvangi frítímans ríkir starfsgleði þar sem góð þjónusta og öryggi er í fyrirrúmi undir handleiðslu fagfólks

- **Reynslunám, jafnræði og traust**

Á vettvangi frítímans eru uppeldis- og menntunargildi í hávegum höfð. Virk þátttaka, reynslunám, lýðræði og jafnræði er haft að leiðarljósi. Sérstök áhersla er lögð á þátttöku barna og unglinga sem ekki sinna heilbrigðum viðfangsefnum í frítíma sínum.

- **Samstarf, samábyrgð og þjónustugæði**

Vettvangur frítímans einkennist af öflugri samvinnu þeirra sem koma að uppeldi og velferð barna og unglinga. Sífellt er leitað nýrra leiða til að auka gæði frítímans og tryggja aðgang allra barna og unglinga að slíku starfi á ársgrundvelli.

Frístundamiðstöðvar

ÍTR skipuleggur starf á vettvangi frítímans í öllum hverfum borgarinnar og eru frístundasmiðstöðvarnar kjarni barna- og unglingastarfsins. Þær gegna veigamiklu uppeldishlutverki, efla félagsþroska og styrkja ábyrgð og sjálfstæði einstaklinga. Starf frístundamiðstöðvanna þróast í takt við breytingar og þarfir samfélagsins. Frístundamiðstöðvarnar annast félags- og tómstundastarf í öllum hverfaskólum og rekstur frístundaheimila í skólum. Í hverfum borgarinnar er unnið að fjölda samstarfsverkefna þar sem frístundamiðstöðvar, skólar, lögregla, félagsþjónusta, foreldrar, íþrótta- og æskulýðsfélög, kirkjur, og aðrir sem vinna að málefnum barna og unglinga taka höndum saman um góð verkefni. Frístundamiðstöðvar ÍTR eru í samtökum félagsmiðstöðva í Evrópu og taka þátt í ungmennskaptum, námskeiðum og öðru samstarfi.

Frístundaheimili

Frístundaheimili er þjónusta við 6 – 9 ára börn eftir að skóladegi lýkur. Þau bjóða upp á fjölbreytta dagskrá sem einkennist jafnt af skipulögðum sem frjálsum leik. Leitast er við að bjóða upp á spennandi viðfangsefni sem veita börnunum útrás fyrir leik- og sköpunarþörf þeirra. Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í hverju frístundaheimili fyrir sig í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila sem tengjast börnunum.

Starfsemi frístundaheimilanna fer fram í húsnaði á vegum skólanna. Frístundaheimili ÍTR hafa 60 fermetra sérými í skólunum en annað rými er samnýtt með starfsemi skólanna. Aðstaðan er víða ekki nægilega góð og er mikilvægt að bæta úr því.

- | |
|--|
| <ul style="list-style-type: none">• Fjöldi barna í frístundaheimilum ÍTR haustið 2004 er 2.135• Fjöldi frístundaheimila ÍTR haustið 2004 33 |
|--|

- 25% starfsmanna frístundaheimila ÍTR eru frekar eða mjög óánægðir með vinnuaðstöðu á sínum vinnustað.
- 92% foreldra telja að barn sitt mjög eða frekar ánægt í frístundaheimilinu.

Sumarstarf

Boðið er upp á sumarstarf fyrir börn og unglunga í öllum hverfum borgarinnar. Áhersla er lögð á fjölbreytt, þroskandi og skemmtileg viðfangsefni. Þar má nefna leikjánaðmskeið fyrir 6 – 9 ára, smíðavelli fyrir 8 – 12 ára, frístundaklúbba fyrir 10-12 ára og fjölbreytt útivistar- og siglingánaðmskeið fyrir börn og unglunga. Í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur eru starfræktir hópar fjörliða og léttliða fyrir 14 og 15 ára unglunga.

Í starfinu er lögð áhersla á öryggi þátttakenda og hæfni leiðbeinenda. Lögð verður áhersla á að kynna foreldrum hvaða öryggis- og verkferlum er unnið eftir í starfi ÍTR.

- Heildarfjöldi þátttakenda í sumarstarfi ÍTR sumarið 2004 5.349 (486 börn að meðaltali skráðir hverja viku)
- 95% foreldra barna sem sóttu sumarnáðmskeið ÍTR eru mjög eða frekar ánægðir með viðfangsefni/dagskrá sumarnáðmskeiðanna
- 93% foreldra barna voru sammála staðhæfingunni um að barni þeirra þætti gaman á sumarnáðmskeiði ÍTR
- 16% foreldra segjast ekki vita hvernig staðið er að öryggismálum á sumarnáðmskeiðum ÍTR

Tómstundanáðmskeið

Börnum í 5.-7. bekk er boðið upp á margvíslega tómstundaiðju eftir að skóladegi lýkur. Þjónustan er sniðin að áhuga barna og stuðst er við áhugasviðskannanir. Markmiðið er að kynna börnum heilbrigðar tómstundir og virkja þau til þátttöku.

- 33% nemenda í 5. – 7. bekk tóku þátt í tómstundastarfi á vegum ÍTR vorið 2004.

Félagsmiðstöðvastarf - Unglingastarf

Félagsmiðstöðvar mæta þörf 13 - 16 ára unglunga fyrir uppbyggilegt og gefandi félagsstarf. Áhersla er lögð á fjölbreytni í starfinu og að ná til þeirra unglunga sem þarfnast félagslegs stuðnings. Til þess eru nýttar ýmsar leiðir, s.s. klúbbastarf, sértækt hópastarf, opið starf og tímabundin verkefni. Í öllum félagsmiðstöðvum starfa unglungaráð sem móta viðfangsefni líðandi stundar í félagsmiðstöðinni og eru málsvavar unglunganna. Forvarnir meðal unglunga, hvað varðar reykingar, vímuefni og einelti er stór þáttur í starfinu en þar er m.a. lögð áhersla á að styrkja jákvæða sjálfsmýnd þeirra og stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Stutt er við félagsstarf unglunga í 8.- 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur.

Félagsmiðstöðvar sinna einnig starfi fyrir 16 ára og eldri með opnu húsi eða klúbbastarfi og mætti auka þennan starfsþátt verulega.

- Rannsóknir hafa leitt í ljós að félagsauður, fólgin í þátttöku unglunga í skipulögðu tómstundastarfi er mikilvæg forvörn gegn frákvikshögðun.

Ungmennaráð í Reykjavík - Ungmennalýðræði

Fyrir tilstuðlan ÍTR hefur ungmennaráðum verið komið á í öllum hverfum borgarinnar. Ungmennaráð fjalla um málefni ungs fólks. Í Reykjavíkurráði ungmenna sitja fulltrúar allra ungmennaráða. Reykjavíkurráð ungmenna flytur tillögur ungs fólks í Reykjavík fyrir borgarstjórn ár hvert. Tillögur þeirra um æskulýðsmál eru hafðar að leiðarljósi við gerð starfs- og fjárhagsáætlana ÍTR. Reykjavíkurráð ungmenna var tilnefnt af borgarstjóra Reykjavíkur til Eurocities Award 2003 sem áhugavert verkefni á sviði þátttöku ungmenna í ákvarðanatöku.

- Tillögur Reykjavíkurráðs lagðar fyrir borgarstjórn í febrúar 2004 sem snéru að málaflokknum íþróttar- og æskulýðsmál voru:

- **Félagsmiðstöðvar ÍTR verði opnar á sumrin**
- **Aðstaða til íþróttaiðkunnar í Breiðholti verði bætt**
- **Skóli og aðstaða barna og unglunga á Kjalarnesi verði bætt**

Samstarf í hverfum

Frístundamiðstöðvar ÍTR taka þátt í samstarfi stofnana, félaga og fyrirtækja í hverfum með það að markmiði að auka þjónustu og tengsl við íbúa. Þannig vinnur ÍTR að eflingu félagsauðs í hverfunum. Unnið er að samþættingu og samræmingu framboðs á tómstundatilboðum. Þeir aðilar sem vinna með börnum og unglingum þurfa að þekkja starfsemi hvers annars og mynda tengsl milli starfsmanna. Félagsmiðstöðvar hafa forgöngu um samstarf við aðra fagaðila í hverfinu við að greina áhættuhegðun barna og unglunga í tæka tíð og stuðla að aðgerðum. Ennfremur hafa frístundamiðstöðvar ÍTR samstarf við foreldra og stuðla að samstarfi milli foreldra.

- **Í þeim hverfum borgarinnar - þar sem samstarf hefur verið öflugt, - hefur félagsauður aukist og vímuefnaneysla unglunga minnkað.**
- **Þar sem foreldrar þekkja aðra foreldra og vini barnanna sinna eru minni líkur á því að unglingar neyti áfengis,- óháð því hvort foreldrar þeirra tilheyri þessu tengslaneti foreldra eða ekki.**

Forvarnir

Allt æskulýðsstarf ÍTR er í eðli sínu forvarnarstarf. Markmið forvarnarstarfsins er að auka þekkingu og hafa áhrif á viðhorf og atferli barna og unglunga á þann veg að þeir kjósi heilbrigðan lífsstíl. Sértek forvarnarverkefni eru mestmegnis unnin í hópastarfi félagsmiðstöðvanna. Má þar nefna forvarnar- og fræðsluverkefni sem vinna gegn einelti og fordómum, stuðla að jákvæðri sjálfsmynd unglunga, efla kynheilbrigði unglunga o.fl.

Einnig er ÍTR þátttakandi í samstarfsverkefnum á sviði forvarna s.s.

- **Vertu til**, er samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Áfengis- og vímuefnarráðs/Lýðheilsustöðvar um að efla áfengis- og fíkniefnaforvarnir sveitarfélaga.
- **Saman hópurnir** er samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka og stofnana sem styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu.
- **Forvarnanefnd Reykjavíkurborgar**, sem hefur það hlutverk að útfæra heildstæða forvarnarsstefnu fyrir Reykjavíkurborg og skilgreina markmið og leiðir til að ná árangri í forvarnarstarfi í Reykjavíkurborg.
- **Viðbragðshópur** sem er samstarfsverkefni Félagsþjónustu í Reykjavík, ÍTR, Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur og Lögreglunnar að safna upplýsingum, kortleggja og vinna gegn óæskilegum hópamyndunum í Reykjavík.

ÍTR býður börnum og unglingum að taka þátt í ýmsum viðburðum sem gefur þeim kost á að koma hæfileikum sínum og hugmyndum á framfæri.

- Skrekkur, hæfileikakeppni unglunga
- Nema hvað, spurningakeppni unglunga
- Rímnaflæði
- Músíktílaunir
- Freestyle, sýning og keppni í frjálsum dansi
- Unglist
- Frostrokk

Nýmæli

- Þor er tilraunaverkefni SAMFÉS um árangursvottun í félagsmiðstöðvastarfi. ÍTR hefur komið að undirbúningi og tekur þátt í tilraunaverkefninu. Verkefnið er unnið í

samvinnu við UK Youth. Markmiðið er að votta á landsvísu árangur og reynslunám sem ungt fólk aflar sér með virkri þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi.

- Breytt atvinnuþátttaka unglunga kallar á aukin úrræði og framboð á félags- og tómstundastarfi á sumrin. ÍTR mun leita leiða til að koma til móts við aukna þörf unglunga fyrir félagsstarf yfir sumarmánuðina í samræmi við tillögu frá Reykjavíkurráði ungmenna sem lögð var fyrir borgarstjórn í mars 2004.
- Frá og með hausti 2004 starfrækir ÍTR frístundaheimili við flest alla grunnskóla í borginni. Með tilkomu frístundaheimilanna er stefnt að markvissri þjónustu fyrir 6–9 ára börn allt árið. Haustið 2004 tók ÍTR við rekstri frístundaheimilis fyrir nemendur í 1. – 10. bekk við Öskjuhlíðarskóla.
- Félagsmiðstöðin Flógyn á Kjalarnesi hóf starfsemi haustið 2004 og mun þjónusta unglunga sem búsettir eru á Kjalarnesi. Starfsemin tilheyrir frístundamiðstöðinni Gufunesbæ.
- Félagsmiðstöð í Laugalækjarskóla tók til starfa í janúar 2004. Starfsemin tilheyrir frístundamiðstöðinni Tónabæ.
- Félagsmiðstöð í Ingunnarskóla í Grafarholti tekur til starfa haustið 2005. Starfsemin tilheyrir frístundamiðstöðinni Árseli.
- Æskulýðssvið ÍTR mun taka virkan þátt í undirbúningi, stofun og þróun þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar.
- Starf fyrir 16 ára og eldri er mikilvægt að skoða og efla í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu

Hitt Húsið

Hitt Húsið er menningar- og upplýsingamiðstöð fyrir ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára. Öflug menningar- og fræðslustarfsemi er aðalsmerki Hússins en auk þess fer þar fram víðtækt ráðgjafar- og forvarnastarf, ýmist á eigin vegum, í samstarfi við aðra eða á vegum aðila sem hafa þar aðstöðu. Í Hinu Húsinu er m.a. landsskrifstofa evrópuverkefnisins Youth, skrifstofa Iðnnemasambands Íslands, Vinnumiðlun ungs fólks er þar til húsa og mörg nemendafélög hafa þar aðstöðu fyrir ýmsa starfsemi. Í Hinu Húsinu er unnið að viðamiklu samstarfsverkefni á evrópuvísu um alhliða ráðgjafarþjónustu við ungt fólk. Nýmæli eru að Hitt Húsið er móðurstöð ÍTR fyrir starf með fötluðum. Umtalsverðar breytingar hafa orðið á húsnæðismálum HH og eru nú enn betri skilyrði en áður að mæta ólíkum þörfum þeirra sem sækjast þar eftir aðstöðu.

Meginmarkmið Hins Hússins eru að:

- Veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd
- Að efla og styrkja menningu og listsköpun ungs fólks
- Veita upplýsingar og leiðbeina ungu fólki, í samstarfi við aðra fagaðila og samtök
- Vera miðstöð ungs fólks í leit að atvinnu
- Að vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði og ráðgjöf fyrir ungt fólk
- Að virkja ungt fólk til samfélagslegrar og menningarlegrar þátttöku á þeirra eigin forsendum
- Að vera vettvangur fyrir starfsemi fatlaðra

Íþróttir

Undir málaflokkinn íþróttir heyrir rekstur sundlauga, íþróttar- og sýningarhúsa, þjónusta við félagasvæði, íþróttastarfsemi aldraðra, þátttaka í heilsuborgarverkefni Reykjavíkurborgar og samstarf við íþróttahreyfinguna.

Megináherslur eru að:

- Starfstaðir hafi frumkvæði að samstarfi og starfsemi sem auðveldi þeim að laga, á hverjum tíma, þjónustu sína að þörfum notendanna
- Auka aðsókn að mannvirkjum ÍTR, þannig að nýtni og hagkvæmni verði í rekstri
- Tryggja sem best öryggi gesta og starfsmanna og fækka óhöppum og slysum
- Halda orkunotkun í lágmarki, með tilliti til þjónustustigs
- Þjónustutilboð verði fjölbreytileg og höfði til sem flestra aldurshópa
- Auka samstarf við íþróttahreyfinguna og aðra þá sem vinna að heilsuefningu
- Auka stuðning við óhefðbundnar íþróttagreinar
- Sundstaðir borgarinnar verði heilsulindir í anda heilsuborgarverkefnisins

Sundlaugar - Þjónusta

Í þjónustu sundlauga birtist mjög vel sá þáttur í menningu borgarbúa sem tengt er við heilbrigða lífshætti og þau náttúrugæði sem fólgin eru í heitu vatni og nýtingu jarðvarma. Í skýrslunni “Stefnumörkun og þróunaráætlun í sundlaugum ÍTR” er úttekt á þjónustu og aðstöðu sundstaðanna. Fyrirhugað er að fylgja þessari vinnu eftir og móta heildstæða stefnu í málefnum sund- og baðstaða ÍTR.

Gæða- og öryggismál

Starfsfólk nýtur reglubundinnar þjálfunar og fræðslu um öryggismál. Á sundstöðum ÍTR eru í gangi tilraunir með nýja tækni við að tryggja gæði baðvatns. Tilraunir þessar hafa skilað mjög góðum árangri og aukinni hagkvæmni í rekstri. Fyrir liggur samningur milli ÍTR og Fræðslumiðstöðvar um skilgreiningar á ábyrgðarsviðum og öryggisþáttum við starfsemi og nýtingu íþróttamannvirkja.

Íþróttastarfsemi fyrir eldri borgara

Sundleikfimi fer nú fram á öllum sundstöðum borgarinnar og fer sú þjónusta vaxandi. Samstarf er við áhugahóp um íþróttir aldraðra og leikfimi fyrir eldri borgara. Þúttvöllir í umsjá ÍTR eru á 10 stöðum.

Samstarf við ÍBR og þjónusta við íþróttafélög

Unnið hefur verið að mörgum málum varðandi þær tillögur sem settar voru fram í samstarfsskýrslu ÍTR og ÍBR árið 2000 um skipulag íþróttastarfs á nýrri öld en skýrslan var endurskoðuð haustið 2004. Reglur um húsaleigu- og æfingastyrki hafa verið endurskoðaðar og skýrslan í heild uppfærð. Unnið hefur verið að mannvirkjamálum og mörgum samstarfsverkefnum í hverfum, á milli félaga, ÍTR, ÍBR og annarra aðila. Í samstarfi ÍBR og ÍTR verður áfram unnið að framgangi þeirra mála sem sett eru fram í skýrslunni. Þjónustumiðstöð ÍTR hefur víðtækt samstarf við íþróttafélögin í borginni varðandi umhirðu íþróttasvæðanna og aðstoð við mótahald. Þjónustumiðstöðin sinnir einnig skíða- og skautasvæðum innan borgarinnar og þúttvöllum eldri borgara.

Aðgöngukerfi

Rafrænu miðakerfi verður komið á í sundlaugum ÍTR í upphafi árs 2005. Samningur liggur fyrir milli Reykjavíkurborgar, Strætó bs. og Smartkorta ehf. um þróun kerfisins.

Íþróttamannvirki skóla

Gerður hefur verið samstarfssamningur milli ÍTR og Fræðslumiðstöðvar um afnot ÍTR af íþróttamannvirkjum skóla eftir að kennslu lýkur á daginn og um helgar. ÍBR annast úthlutun á tímum til viðkomandi íþróttafélaga og almennings. Fyrir liggja tillögur um nýtingu og rekstrarfyrirkomulag skólahúsnæðis sem nýtt er fyrir íþrótt- og tómstundastarf.

Þjónustusamningar

Heimilað var að ganga til þjónustusamninga á árinu 2004 við átta íþróttafélög í borginni um ráðningu starfsmanns til að vinna að ýmsum samstarfsmálum og fræðslu í viðkomandi hverfi varðandi íþróttir. Samstarf er milli ÍBR, ÍTR og viðkomandi starfsmanna ÍTR í hverfunum. Starfsmennirnir nýtast þannig ýmsum aðilum sem vinna að íþrótt- og tómstundamálum en ekki íþróttafélagunum eingöngu. Samningar þessir gilda til ársloka 2005.

Nýjungar og framkvæmdir

Sparkvellingir

Samkvæmt áætlun um uppbyggingu sparkvalla í hverfum borgarinnar var fyrsti völlurinn tekinn í notkun vorið 2002 og hafa nú 5 battavellingir verið teknir í notkun. Gert er ráð fyrir að 5 nýir vellingir verði teknir í notkun í hverfum borgarinnar innan tíðar. KSÍ er þátttakandi í evrópsku átaki um uppbyggingu sparkvalla og fékk styrki frá UEFA til verkefnisins og naut Reykjavíkurborg góðs af því.

Gervigrasvellingir

Nýir gervigrasvellingir voru teknir í notkun á svæðum Fram, KR og Fylkis. Vellingirnir eru í eigu Reykjavíkurborgar en gerðir voru þjónustusamningar við félögin um rekstur þeirra.

Laugardalsvöllur

Í undirbúningi er stækkun og endurbygging mannvirkja við Laugardalsvöll. Unnið er að samningi milli Reykjavíkurborgar, ríkisins og KSÍ um fjármögnun framkvæmdanna.

Laugardalslaug

Framkvæmdir við 50 metra keppnislaug og æfingalaug hófust vorið 2002 og mun rekstur laugarinnar hefjast í byrjun árs 2005.

Laugardalshöll

Reykjavíkurborg og Samtök iðnaðarins stofnuðu hlutafélag um byggingu og rekstur fjölnota íþrótt- og sýningarhúss í Laugardal. Framkvæmdir hófust sumarið 2003 og gert er ráð fyrir að þeim ljúki sumarið 2005. Fyrirhugaður er samrekstur Laugardalshallar og hins nýja húss sem meðal annars verður sniðið að þörfum frjálsíþróttafólks.

Jaðargreinar

Tveir nýir brettagarðar voru teknir í notkun á árinu 2004 við Austurberg og Safamýri. Fyrirhugað er að einn til viðbótar verði tekinn í notkun á næsta ári í Grafarvogi. Unnið hefur verið að stefnumótun og tillögugerð varðandi stuðning við jaðariþróttir og úttekt gerð á þeim svæðum innan borgarmarkanna sem nýta mætti fyrir þessa starfsemi.

Miðnæturvíðburður

ÍTR mun í samvinnu við Höfuðborgarstofu vinna að víðburðum fyrir fjölskyldur og íþróttafólk í kringum Jónsmessu. Er þar m.a. verið að hugsa um Jónsmessuhlaup, opnun sundstaða, víðburði í Fjölskyldu- og húsdýragarði o.fl.

Útivist

Undir málaflokkinn Útivist heyrir rekstur skíðasvæða á höfuðborgarsvæðinu, skíðasvæða og skautasvæða innan borgarmarkanna, Nauthólsvík með siglingaklúbbum Siglunesi og Ylströndinni.

Leiðarljós:

Útivistarsvæðin verði í stakk búin að nýta sem best þann tíma þegar viðrar til útivistar hvort heldur er að sumri eða vetri. Starfsemin verði markaðssækin og miði að fjölbreyttri þjónustu við notendur, jafnframt því að vera skilvirk og hagkvæm. Uppbygging mannvirkja og annarrar aðstöðu leiði til aukinnar ástundunar og öryggis iðkenda.

Þjónusta

Notendur útivistarsvæða er mjög fjölbreytilegur hópur með ólíkar þarfir. Góð og sívirk tengsl við notendur þjónustunnar og vilji til að mæta ólíkum þörfum þeirra eru lykilatriði í starfseminni. Reynslan af vef skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er afar góð og þar komu fram fjölmargar ábendingar notenda starfseminnar sem brugðist hefur verið við. Fyrirhugað er að auka þessi tengsl við notendur og koma upp svipuðu kerfi fyrir notendur starfsemi Sigluness og Ylstrandar. Áhersla er lögð á að stjórnendur og starfsmenn hafi ætíð vakandi auga með tækifærum til að bæta verklag og fylgist með nýbreytni svo bæta megi þjónustuna enn frekar.

Skíðasvæðin

Rekstur skíðasvæðanna í Bláfjöllum og Skálafelli er samstarfsverkefni 11 sveitarfélaga á Suð-vesturlandi og heyrir undir sérstaka stjórn Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins (SHB) sem kemur í stað Bláfjallanefndar. Undirritaður hefur verið samningur milli SHB og sveitarfélaganna sem skipa stjórnina. Samningurinn nær til reksturs, framkvæmda og stjórnsýslu og gildir til næstu 5 ára. Fyrir liggur áætlun um framkvæmdir og endurbætur á skíðasvæðunum sem mun gjörbreyta aðstæðum til skíðaiðkunar og þjónustu. Megináhersla er lögð á að öryggismál standist ítrustu kröfur. Rekstur Hengilssvæðis er á ábyrgð ÍTR en rekstrarumsjón á vegum SHB. Opnuð verður ný fullkomin fjögurra sæta stólalyfta í Bláfjöllum á komandi vetri og mun þetta verða bylting í aðstöðu á svæðinu.

Innan borgarmarkanna er haldið úti þremur skíðasvæðum fyrir börn og unglinga þegar aðstæður leyfa. Er þeim ætlað að svara þörf fyrir einfalda og aðgengilega skíðaaðstöðu fyrir barnmestu hverfi borgarinnar.

Siglingaklúbburinn Siglunes

Áform eru um uppbyggingu á nýrri aðstöðu við Nauthólsvík fyrir þá aðila sem þar halda úti siglingastarfsemi og annarri tengdri starfsemi. Endurskipulagning á starfsemi á svæðinu mun fylgja í kjölfarið ásamt endunýjun búnaðar og tækja. Unnið er út frá hugmyndum um nýtingu svæðisins sem alhliða útivistarmiðstöðvar og mögulegrar starfsemi árið um kring. Starfshópur á vegum ÍTR vinnur að könnun á möguleikum til frekari nýtingar Nauthólsvíkursvæðisins, m.a. með tilliti til uppbyggingar aðstöðu fyrir aðra útivist og jaðaríþróttir.

Ylströnd

Starfsemi Ylstrandarinnar hefur slegið í gegn meðal borgarbúa. Aðsókn að ströndinni hefur farið fram úr björtustu vonum og voru gestakomur sumarið 2004 um 100 þúsund. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur er mikilvægt er að lokið verði við frágang þjónustuhúss Ylstrandarinnar. Nánasta umhverfi þarfnast einnig endurbóta svo hægt sé að mæta svo mikilli aðsókn, fjölga þarf lausum leiktækjum á ströndinni. Gjaldtöku vegna afnota af baðhúsi verður hætt. Ylströndin kappkostar að viðhalda þeim gildum sem krafist er af handhöfum Bláfánans sem er evrópsk umhverfisvottun fyrir baðstrendur.

Nýbyggingar og viðhald mannvirkja ÍTR

Fasteignastofa, í samvinnu við ÍTR, vinnur áætlun til 5 ára um nýbyggingar, viðhald og breytingar á mannvirkjum ÍTR. Gerðar eru tillögur um lagfæringar og endurbætur á eftirtöldum atriðum: Lóðum undir íþróttamannvirki, atriðum sem tengjast lagnamálum og öryggis- og eldvarnamálum. Ennfremur verður unnið að tillögum varðandi ferlimál og heilbrigðismál.

Samhliða er unnin áætlun um nýbyggingar, endurbætur og viðhald á mannvirkjum þar sem starfsemi ÍTR fer fram. Allt viðhald, þar með talið ófyriséð viðhald á mannvirkjum ÍTR, er nú á vegum Fasteignastofu og sömuleiðis fasteignagjöld og brunatryggingar.